



Deiliskipulag Mkv 1:1000

Greinargerð

Afmörkun
Skipulagssvæðið er um 2,2 ha og nær yfir reit Þ7, að hluta til reit Þ og Ú útivistarsvæði í Aðalskipulagi Mýralshrepps 2012-2028, en innan reitsins er m.a. Víkurskóli, leikskólinn Mánaland, Tónskóli Mýrdælinga og íþróttahús. Svæðið afmarkast af Mánarbraut og Ránarbraut en vestan við svæðið er íþróttavöllur og sunnan við það er óbýggt svæði.

Deiliskipulagssvæðið nær yfir tvær lóðir. En innan deiliskipulagsins er lóð fyrir leikskóla við Ránarbraut 17 og svo lóð fyrir grunnskóla, íþróttahús og sundlaug við Mánarbraut 1-3. Skólalóðin (Þ7) býður upp á góða möguleika á viðbyggingu við skóla og er góð útisundlaug við skólann. Á útisvæði við skóla er körfubolta- og sparkvöllur og útisvæði tengd skólastarfi. Á síðustu árum hefur orðið talsverð fjölgun íbúa í Mýrdalshreppi og hefur börnum á leikskóla aldri fjölgað jafnt og þétt og er séð fram á að núverandi leikskóli sé ekki nægilega stór. Mýrdalshreppur ætlar að byggja nýjan og stærri leikskóla á sama reit en stækka þarf reitinn sem kallar á breytingu á aðalskipulagi. Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að bæta skólaþjónustu í sveitarfélaginu. Til að ná þeim markmiðum hefur sveitafélagið ákveðið að fara í uppbyggingu á stærri leikskóla. Nýr leikskóli mun mæta þeirri fólksfjölgun sem hefur verið síðustu ár og sérstaklega ungum barnafjölskyldum.

Aðkoma
Aðkoma að skipulagssvæðinu er af Ránarbraut og Mánarbraut sem liggja báðar af Víkurbraut.

Göngustígur
Göngustígar eru sýndir innan svæðisins og tengingar við aðra stiga sem liggja að svæðinu. Stigakerfið miðar að öruggum leiðum fyrir gangandi vegfarendur og lámarkar þörf á bílastæðum. Stígarnir skiptast í stofnstíga sem eru áætlaðir aðalstígar og svo tengistígar sem eru minni stígar en tengja saman leiðir innan heildarstígaferfisins. Stígarnir eru 2-3 m breiðir og nýttast því einnig sem akfærir þjónustustígar til viðhalds og fyrir viðbragðsaðila. Gera skal ráð fyrir lágrí lýsingu á megin gangstígum svæðisins. Lega göngustíga innan skólalóðar og íþróttasvæðis á uppdrætti er til viðmiðunar og staðsetning og útfærsla getur breyst við nánari hönnun svæðisins.

Almennir skilmálar
Í almennum skilmálum koma fram þær kvaðir og tilmæli sem gilda fyrir skipulagssvæðið í heild sinni.

Reiðhjólástæði
Gera skal ráð fyrir reiðhjólástæðum með góðu aðgengi við megin aðkomuleiðir helstu mannvirkja og stofnana innan lóða. Á uppdrætti eru að norðanverðu sýnd til skýringar hjólástæði fyrir framan skólann og við leikskólann sem eru aðeins leiðbeinandi og geta breyst við nánari hönnun.

Við megin aðkomu að leik- og grunnskóla eru sýnd stæði fyrir skólabíla þar sem miðað er við örugga aðkomu og auðvelt aðgengi. Við grunnskóla eru sýnd sleppistæði þar sem gert er ráð fyrir stuttu stoppi en ekki að bílum sé lagt en eru hluti af samtölu bílastæða innan svæðisins.

Hluti bílastæða skulu vera skilgreind fyrir hreyfihamlaða samkvæmt 6.2.4. gr. byggingarreglugerðar. Við starfsmannastæði skal gera ráð fyrir hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla.

Sorpgeymslur
Á aðaluppdráttum skal gera grein fyrir staðsetningu og stærð sorpgeymslna. Sorpgeymslur skulu vera láttlausar og aðgengi að þeim gott.

Lóðafrágangur og gróður
Almennt skal hönnun lóða falla að þeirri starfsemi sem skilgreind er innan hennar. Tré og runnabeð skulu miða að skjóli og rýmismyndun.

Byggingarreitir
Á skipulagsuppdrætti eru skilgreindir byggingarreitir og eru heimildir um uppbyggingu innan þeirra skilgreindar í sérskilmálum hvernar lóðar.

Við þau mannvirki þar sem byggingarreitir eru ekki skilgreindir fylgja skilmálar núgildandi byggingarnefndarteikningum. Þar sem þetta á við er þó heimilt almennt viðhald sem og uppbygging er snýr að öryggi og aðgengi s.s. brunastígar, skábrautir o.fl. sem ganga má út fyrir byggingarreit.

Sérskilmálar
Í sérskilmálum koma fram þær heimildir, kvaðir og tilmæli sem gilda fyrir hverja lóð og leyfilegt uppbygging innan hvers byggingarreits.

Lóðir
Skilgreindar eru tvær lóðir, Ránarbraut 17 og Mánarbraut 1-3. Ránarbraut 17 er 3384 m² lóð fyrir leikskóla. Mánarbraut 1-3 er 14.093 m² lóð fyrir grunnskóla, íþróttahús, sundlaug, Tónskóla Mýrdælinga, félagsmiðstöð og útisvæði tengd skólastarfi.

Útisvæði tengd skólastarfi
Innan skólalóðar skal í hönnun skilgreina útisvæði þar sem hægt er að koma fyrir útiveru og hreyfingu tengda skólastarfi, útikennslusvæði, leikvelli og battavelli. Umfang og staðsetning svæðanna á skýringaruppdrætti er einungis til viðmiðunar og heimild er fyrir fleiri svæðum og nýjum skilgreiningum á lóðinni.

Girðingar og afmörkun
Almennt er ekki gert ráð fyrir girðingum innan lóðarinnar nema við sundlaugarsvæði og leikskóla. Heimilt er að girða við útmörk lóðarinnar þar sem það á við.

Byggingarreitir og mannvirki
Á skipulagsuppdrætti eru skilgreindir fjórir byggingarreitir og heimild um uppbyggingu innan þeirra skildreindar í sérskilmálum.

S - Byggingareitur nær yfir allt núverandi sundlaugarsvæðið. Á byggingarreitnum er heimiluð aukin uppbygging á sundlaugarsvæði sem tengist starfsemi svæðisins s.s. heitir pottar,tækniþými, gufubað ofl., leyfilegt byggingamagn allt að 2.214 m².

- SKÝRINGAR**
- Deiliskipulagsmörk
 - Núverandi byggingar
 - Byggingarreitir - útlínur
 - Byggingareitur S
 - Byggingareitur Í
 - Byggingareitur G
 - Byggingareitur L
 - Afnotareitur leikskóla
 - Stofnstígar
 - Tengistígar
 - Götur
 - Bílastæði
 - Bílastæði fyrir hreyfihamlaða
 - Bílastæði fyrir rafhleðslubíla / vistvæna bíla
 - Stærð byggingareits
 - Sundlaug
 - Battvöllur
 - Götutré-Eingöngu leiðbeinandi
 - Gróðurbeð-Eingöngu leiðbeinandi
 - Reiðhjólagrindur -Eingöngu leiðbeinandi
 - Núverandi staðsetning sorps
 - Djúpgámar - Eingöngu leiðbeinandi
 - Staðsetning aðstöðu og leiktækja innan lóðar - Eingöngu leiðbeinandi
 - Lóðarmörk
 - Hnitapunktur

Hnitaskrá


- 1,499636.93,323549.77
- 2,499650.52,323531.42
- 3,499648.59,323524.69
- 4,499666.34,323519.98
- 5,499664.76,323514.01
- 6,499669.67,323512.71
- 7,499671.26,323518.68
- 8,499708.08,323508.88
- 9,499704.19,323488.22
- 10,499656.12,323458.05
- 11,499624.67,323502.35
- 12,499632.63,323507.93
- 13,499623.59,323520.87
- 14,499626.02,323522.59
- 15,499622.21,323527.81
- 16,499626.72,323530.97
- 17,499621.37,323538.54

G – Byggingareitur eru núverandi byggingar grunnskóla og gert er ráð fyrir framtíðarstækkun. Leyfilegt byggingarmagn er allt að 1.781 m²

L – Byggingareitur er ný bygging fyrir leikskóla, leyfilegt byggingarmagn er allt að 700 m², en byggingareitur er skilgreindur 1090 m². Virk leikskólalóð er 2830 m².

Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif tillögunnar eru jákvæð þar sem verið er að stækka skólalóðina sem er í mjög eðlilegu framhaldi af núverandi skólalóð en með þessu er að bregðast við þörf í samfélaginu fyrir stærri leikskóla í samræmi við íbúafjölgun sem hefur verið í Mýrdalshreppi.



Aðalskipulag Mýrdalshrepps m.s.br., þéttbýlisuppdráttur af Vik. Kvarði 1:10.000

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd þann _____ 2021 og í sveitarstjórn Mýrdalshrepps þann _____ 2021.

Tillagan var auglýst frá _____ 2021 með athugasemdafresti til _____ 2021.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2021.



MENNTA- OG HEILSUSVÆÐI Í VÍK Í MYRDAL

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG - SKÝRINGARUPPDRATTUR

KT.

KÓPAVOGUR

VERKNR.

8508-DS2101

D01